

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 18. september 2019 | 32. töl. 17. árg. | Upplag 10.500 eintök. Dreift vikulega frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Velkomin



Andlitsmeðferðir
Ristilhreinsun • Fitubrennsla
Tælsknt nudd • Reikimeðferð
Bæjarhrauni 2 | sími 852 2777

SUÐURHVAMMUR 11



111 m² 41,5 millj. kr.

Falleg og björt 4 herbergja útsýnisbúð á fjórðu hæð í smekklegu fjölbýli. Eigninni fylgir 104 m² þakrými sem býður upp á ýmsa möguleika. Laus strax.

ÁLFASKEIÐ 80



142,2 m² 43,9 millj. kr.

Skemmtileg, björt 5 herbergja endaíbúð á efstu hæð (3ju) með bílskúr. Húsið er nokkuð endurnýjað. Tvennar svalir. Góð staðsetning og fínt útsýni. Laus strax.

AKURVELLIR 1



132,7 m² 48,9 millj. kr.

Rúmgóð og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á annarri hæð á góðum stað á Völlumum. Snyrtilegar innréttingar, gólfefni parket og flísar. Suðursvalir.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

Hafnarfjarðarbær neitar að afhenda gögn

Neitar m.a. að afhenda hugmyndavinnu tveggja arkitektastofa

Starfshópur um miðbæjarskipulag hefur lagt til, á grunni hugmyndavinnu þriggja arkitektastofa um nýtt miðbæjarskipulag, að nýta vinnu eins þeirra og fá hana til

að vinna áfram að nýju miðbæjarskipulagi í stað þess að halda opna arkitektasamkeppni eins og áður hafði verið ákveðið. Nú neitar Hafnarfjarðarbær að afhenda

þá hugmyndavinnu sem bærinn keypti af hinum stofunum tveimur og að afhenda mat fjórðu stofunnar á vinnu hinna þriggja.

Hafa Fjarðarfréttir kært þann úrskurð og telur að bærinn geti ekki skýlt sér á bak við að þetta séu vinnugögn sem ekki þurfi að afhenda. Krafan um leyndina er ekki komin frá arkitektastofunum enda var vinnan talin sem hugmyndavinnu til undirbúnings samkeppni um nýtt miðbæjarskipulag.



Hvaða hugmyndir kynntu hinar tvær arkitektastofurnar?

Hönnun & umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
hhus@hhus.is | stofnað 1990



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN
Dalshrauni 5
Opið kl. 8-17 virka daga



Treystu mér fyrir veislunni!
www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655



Jói útherji

www.joiutherji.is

Ármúla 36 og Bæjarhrauni 24 | Opið virka daga í Bæjarhrauni kl. 11-18 | sími 778 1560

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Er til hafnfirskur arkitektúr? Er ástæða til að til sé hafnfirskur arkitektúr? Eflaust væri það svolítið sérstakt ef svo væri en þó er mikilvægt að virða hafnfirsku sérstöðu, bárujárnshúsin og byggðina í hrauninu.

Í hraunlandslaginu gilda ekki alveg sömu reglur og annars staðar og því er t.d. ekki hægt að troða húsum alls staðar sem væri mögulegt og sem betur fer myndu margir segja. Hraunin hafa í raun tryggt Hafnfirðingum útivistarsvæði og andrými víðs vegar um bæinn. Ekki hefur veitt af í hamagangi við að þrengja að grænum svæðum undir formerkjum umhverfshugsunar um að mikilvægt sé að þetta byggð. Eflaust er heillavænlegra að nýta ný byggingarsvæði betur, heldur en að troða í gamla bæinn nýjum húsum þar sem einhver möguleiki er. Ef hægt er að fjármagna bílastæðakjallara má eflaust byggja á bílastæðum í miðbænum en verður það gert. Ekki sýnir reynslan af samþykkt á bílastæðakjallaralausn hóteli og verslunarhúsnæði á Strandgötunni og hvar eru allir peningarnir sem ættu að vera í bílastæðasjóði eftir að húsbyggjendur hafa borgað sig frá kröfum um bílastæði.

Gaman væri ef hægt væri að skapa umræðuvettvang um arkitektúr í Hafnarfirði og skapa metnað fyrir enn fállegri bæ.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Þekkir þú staðinn?



Þekkir þú staðinn? Skrifðu lausnina á Facebook síðu Fjardarfretta.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 22. september

Messa kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur
undir stjórn

Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Prestur: Sr. Sigurður Kr. Sigurðsson.

Hressing í safnaðarsalnum á eftir.

www.vidistadakirkja.is



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 22. september

Messa kl. 17

Sr. Bolli Pétur Bollason segir æsispennandi sögu
um Abraham og Ísak.

Kári Allansson stýrir safnaðarsöng.

Heitur kvöldmatur í boði,
að kostnaðarlausu, að messu lokinni.

Vetrarstarf eldri borgara í Ástjarnarkirkju er
hafið. Allir eldri borgarar hjartanlega velkomnir í
Ástjarnarkirkju á miðvikudögum kl. 13:30-15:30.



www.astjarnarkirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 22. september

Messa og
sunnudagaskóli kl. 11

Fermingarbörn og félagar í unglingakór
kirkjunnar taka virkan þátt í messunni.

Sunnudagaskóli
með fjölbreyttri dagskrá.

Morgunmessa

miðvikudaginn 25. september kl. 8.15.

Léttur morgunverður á eftir.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Sunnudagurinn 22. september:

Fjölskyldumessa kl. 11

Á miðvikudögum:

Foreldramorgnar kl. 10 í safnaðarheimili

Á fimmtudögum:

Kríasálmar kl. 10:30 í kirkjunni

Krílakórar og barnakórar
á mánudögum og miðvikudögum.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Sífellt fleiri nýta sér stíga (troðninga) í upplandi Hafnarfjarðar eins og þessir unglingar sem fræddust um
ævinýraheim fjallahjólameðmennskunnar. Hér fara þeir um fjölfarinn stíg við Stórhöfða.



VÍÐISTAÐAKIRKJA

HELGIHALD haustmisseri 2019

1. september kl. 17:00	Guðspjónusta	Kór Víðistaðasóknar
8. september kl. 11:00	Fjölskylduhátíð	Margrét Lilja og Pétur G. Markan
15. september kl. 11:00	Poppmessa	Tónlistarkonan Madala
22. september kl. 11:00	Messa	Kór Víðistaðasóknar
29. september kl. 11:00	Guðspjónusta	Kór Víðistaðasóknar
6. október kl. 11:00	Fjölskylduhátíð	Kirkjur í Hafnarfirði og Garðabæ
13. október kl. 11:00	Messa	Kór Víðistaðasóknar
20. október kl. 11:00	Tónlistarguðspjónusta	Sönghópurinn Spectrum
27. október kl. 11:00	Guðspjónusta	Kór Víðistaðasóknar
3. nóvember kl. 11:00	Guðspjónusta	Kór Víðistaðasóknar
10. nóvember kl. 11:00	Fjölskylduhátíð	Barnakór Víðistadakirkju
17. nóvember kl. 11:00	Messa	Kór Víðistaðasóknar
24. nóvember kl. 11:00	Tónlistarguðspjónusta	Gaflarakórinn
1. desember kl. 17:00	Aðventuhátíð	Kór Víðistaðasóknar, Barnakór og fl.
8. desember kl. 11:00	Guðspjónusta	Kór Víðistaðasóknar
15. desember kl. 11:00	Fjölskylduhátíð	Margrét Lilja og Pétur G. Markan
24. desember kl. 17:00	Aftansöngur	Kór Víðistadakirkju og fleiri
25. desember kl. 14:00	Hátíðarguðspjónusta	Kór Víðistaðasóknar
31. desember kl. 17:00	Helgistund	Kór Víðistaðasóknar

BARNASTARFIÐ



Barnakórinn

á fimmtudögum
kl. 13:25

vidistadakirkja.is/barnakor
helga@vidistadakirkja.is

Æskulýðsstarfið

á miðvikudögum
6-9 ára kl. 13:30 | 10-12 ára kl. 14:30

Skráningarform á staðnum
bryndissvavars@gmail.com

Bjóða aftur upp á hópa- og sérferðir

Eigendur Gaman ferða í nýrri ferðaskrifstofu

Eigendur Gaman ferða, þeir Þór Bæring Ólafsson og Bragi Hinrik Magnússon bjóða á ný upp á hópa- og sérferðir undir merkjum ferðaskrifstofunnar Komdu með ehf.

Gaman ehf., rekstrarfélag Gaman ferða, sem stofnað var 2012, skilaði inn ferðaskrifstofuleyfi sínu fyrr á árinu í kjölfar gjaldþrots WOW air. Var Gaman ehf. í 49% eigu flugfélagsins. Alls bárust 1.038 kröfur í tryggingarfé ferðaskrifstofunnar en Ferðamálastofa vinnur úr þeim kröfum og fljótlega má búast við niðurstöðum. Gaman ehf. hefur hins vegar ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Í samtali við Fjarðarfréttir segir Þór Bæring að þeir Bragi Hinrik séu að gera það sem þeir kunna best, að setja saman flottar ferðir fyrir Íslendinga og áherslan

nú er lögð á hópa- og sérferðir m.a. fótboltaferðir og tónleikaferðir.

Reka þeir starfsemina undir merkjum Komdu með, en þeir keyptu rekstur hafnfirsku ferðaskrifstofunnar Art-travel ehf. sem stofnuð var 2010.

Ferðaskrifstofan Komdu með munu eiga viðskipti við fjölmörg flugfélög en Gaman ferðir skiptu nær eingöngu við eitt flugfélag, WOW air.

Þá hefur fyrirtækið góðan aðgang að leiguvélum fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum.

Segir Þór, þá félagar byrja smátt, tveir starfsmenn í litlu húsnæði að Trönuhnauni 1, ekki ósvipað og þegar þeir félagar byrjuðu með Gaman ferðir.

Nánar má sjá um ferðaskrifstofuna á komdumed.is



Þór Bæring Ólafsson og Bragi Hinrik Magnússon.

Flestir mæla með Fjarðarkaupum

Er á toppi lista MMR annað árið í röð



Annada árið í röð trónir Fjarðarkaup á toppi lista MMR yfir þau fyrirtæki sem Íslendingar mæla helst með. Þetta kemur í fram í tilkynningu frá MMR en meðmælavísitalan byggir á Net Promoter Score aðferðafræðinni en meðmælavísitalan byggir, líkt og nafnið bendir til, á mælingum á því hversu líklegir einstaklingar eru til að mæla með (eða hallmæla) fyrirtækjum sem þau hafa átt viðskipti við.

Segir að greinilegt sé að verslunin hafnfirsku kunni að höfða til viðskiptavina sinna en fyrirtækið hefur hvað eftir annað skákað stærri versl-

unarkeðjum og hefur verið á meðal 10 efstu fyrirtækja í meðmælavísitölunni frá því að mælingar hófust árið 2014.

Á eftir Fjarðarkaupum kemur Hreyfing í flokki líkamsræktarstöðva, Costco í flokki olíufélaga, Storytel í flokki áskriftarþjónustu, Arna í flokki framleiðslufyrirtækja, Toyota í flokki bílaumboða, Hamborgarabúlla Tómasar í flokki veitingastaða, Reebok Fitness í flokki líkamsræktarstöðva, Sam bíóin, Egilshöll í flokki afþreyingar og IKEA í flokki annarrar verslunar.

Könnunin náði til 135 fyrirtækja sem hafa starfsemi á Íslandi.

Auglýsingar

565 4513 - 896 4613 – gudni@fjardarfrettir.is

Paradox er sjötta plata Andrésar Þórs

Útgáfutónleikar í Fríkirkjunni á fimmtudaginn

Á fimmtudaginn verður útgáfu hljómplötunnar Paradox fagnað með tónleikum í Fríkirkjunni í Hafnarfirði klukkan 20.30.

Paradox er sjötta plata hafnfirsku gítarleikarans Andrésar Þórs og inniheldur níu frumsamda jazzópusa sem sækja áhrif úr poppi, jazzi og þjóðlagatónlist auk ýmissa skammtafræðilegra tilvitnana.

Á tónleikunum leika þeir Andrés Þór á gítar, Agnar Már Magnússon á pianó ásamt góðum gestum frá New York,



Agnar Már Magnússon og Andrés Þór.

þeim Orlando Le Fleming á bassa og Colin Stranahan á trommur.

Þeir félagar munu einnig leika í Bókasafni Sandgerðis á vegum Jazz-félags Suðurnesja í kvöld kl. 20.

Paradox var hljóðrituð af Michael Perez-Cisneros og Alex Haley í New York á síðasta ári í Big Orange Sheep

hljóðverinu í Brooklyn. Útgefandi er Dimma útgáfa og miðasala er á Tix.is

Andrés Þór Gunnlaugsson var útnefndur bæjarlistamaður Hafnarfjarðar 2014.

Síðasta plata Andrésar Þórs var Ypsilon sem kom út árið 2016.



Colin Stranahan.



Colin Stranahan.

Haustfegurð í Flensborgarhöfn



Ljóm: Guðni Glásson

Jói útherji hefur opnað á Bæjarhrauni

Handknattleiksdeildir FH og Hauka leika í Puma búningum frá Jóa útherja næstu 4 árin

Jói útherji er sérhæfð knattspýmuverslun sem Valdimar P. Magnússon stofnaði á sumardaginn fyrsta árið 1999 og er verslunin því 20 ára í ár.

„Það má því segja að verslunin hafi eignast sitt fyrsta barn, tvítug, og það fæddist í Hafnarfirði,“ segir Viðar Valsson, verslunarstjóri í nýrri verslun sem opnuð var að Bæjarhrauni 24, föstudaginn 6. september sl.

Segir Viðar að hugmynd að opnun verslunar í Hafnarfirði hafi vaknað er fyrirtækið gerði nýlega 4 ára samninga við handknattleiksdeildir FH og Hauka en liðin munu leika í Puma búningum frá Jóa útherja.

Þó aðalmarkmið Jóa útherja hafi verið að þjónusta knattspýmunu þá verður handboltinn í heiðri hafður í nýju versluninni í Bæjarhrauninu enda hefur Hafnarfjörður verið sagður vagg handboltans.

Aðspurður segir Viðar að úrvalið sé ekki eins mikið og í versluninni í



Viðar Valsson (Viddi) er verslunarstjóri með treyjur handknattleiksdeilda FH og Hauka.

Reykjavík en vöruúrvalið muni aukast hægt og rólega og í vor verði úrvalið

eins og stefnt sé að í dag. Í versluninni má finna gott úrval af knattspýmu- og

handknattleiksvörum, búning erlendra liða og ýmsa fylgihluti.



Gott úrval er fyrir hand- og knattspyrnufólk í nýju versluninni.

Ljóm: Guðni Glásson



Verslunin að Bæjarhrauni 24.

Ljóm: Guðni Glásson

ÍÞRÓTTIR

KNATTSPYRNA:

**18. sept. kl. 16.45, Kaplakriki
FH - ÍBV**, úrvalsdeild karla

20. sept. kl. 19.15, Varmárvöllur
Afturelding - FH, 1. deild kvenna

**20. sept. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - ÍR**, 1. deild kvenna

21. sept. kl. 14, Seltjarnarnes
Gróttá - Haukar, 1. deild karla

22. sept. kl. 14, Meistaravellir
KR - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

Grindavík - Haukar: 0-2
FH - Augnablik: 2-2

ÚRSLIT KARLA:

Víkingur R. - FH: 1-0
Haukar - Keflavík: 3-1

HANDBOLTI:

**20. sept. kl. 20, Kaplakriki,
FH U - Þór Ak.**, 1. deild karla

**20. sept. kl. 20, Ásvellir,
Haukar U - Gróttá**, 1. deild karla

21. sept. kl. 16, Kórinn,
HK - Haukar, úrvalsdeild kvenna

22. sept. kl. 17.15, Hlíðarendi,
Valur U - FH, 1. deild kvenna

**22. sept. kl. 17.30, Ásvellir,
Haukar - Stjarnan**, úrvalsdeild karla

23. sept. kl. 18.30, Vestmannaeyjar,
ÍBV - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KONUR:

Haukar - Stjarnan: 22-25
FH - Fram U: 22-30

ÚRSLIT KARLAR:

KA - Valur: 23-26

FH - Valur: 26-23

Haukar - HK: 28-24

FH - Selfoss: 30-32

Háspennulínur á göngustíg

Hafa legið þvert yfir göngustíg í Skarðshlíð á fjórðu viku

Lokið er við að færa háspennulínur út af byggingarsvæðinu í Skarðshlíð yfir á bráðabirgðamöstur en það er gert þar sem framkvæmdir við Lyklafellslínu stöðvuðust vegna kröfu um umhverfismat. Síðan gömlu ragnagnslínurnar voru teknar niður hafa þær legið á


jörðinni og m.a. þvert yfir nokkuð fjölfarin útivistarstíg en línurnar liggja í um 10 cm hæð yfir jörðu.

Getur verið varasamt að falla um þær og undarlegt að ekkert skuli gert til að forðast áhættuna með því að fjarlægja línurnar eða fergja við göngustíginn.



Ljóm: Guðni Gleason

Stígurinn sem línurnar liggja á, liggur frá Ástjörð og er ofan Skarðshlíðar.



Ljóm: Guðni Gleason

Liggja um 10 cm yfir stígnum.

Dregið úr gerð útivistarstíga til að fjármagna malbikun gatna

Fimmti viðauki við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar

Auka þarf við framlag til malbikunar gatna um 20 milljónir kr. í Hafnarfirði, 3,7 millj. kr. aukakostnaður fellur til vegna flutnings á kennslustofu að Smáralundi og leigja þarf Hrafnistulaug til skólasunds fyrir 1,5 milljón kr.

Til að fjármagna þetta kemur til 1,5 millj. kr. vegna lægri rekstrarkostnaðar Íþróttahússins við Strandgötu, vegna minni notkunar og lengri sumarlokunar og aukinna tekna. Þá er dregið úr gerð útivistarstíga og þar fengnar 8,7 milljónir kr. og með frestun á lagfæringum á gatnamótum við Flatahraun fást 15 milljónir kr. sem áður höfðu verið ætlaðar í það verk.

Viða er þörf á lagfæringum á útivistarstígnum í landi Hafnarfjarðar.



Ljóm: Guðni Gleason

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

Fært á stafrænt form

Tek að mér að færa vídeó, slide, ljósmyndir

yfir á DVD diska eða flakkara.

Heimasíða fesbook/heima var best

sími 8637265 siggill@simnet.is

Sigurður Þorleifsson.

Lokað í Suðurbæjarlaug

Sundlaugarsvæði Suðurbæjarlaugar hefur verið lokað síðan á mánudag og verður lokað til og með föstudags vegna viðhaldsframkvæmda.

Líkamsræktarstöð Gym heilsu í kjallara laugarinnar er hins vegar opin á þessu tímabili.

Málþing um daglegt líf eldri borgara

Félag eldri borgara í Hafnarfirði og Ástjarnarsókn standa fyrir málþingi í safnaðarheimili Ástjarnarkirkju þriðjudaginn 24. september n.k. kl.14-16.

Á þinginu verður fjallað um málefni er snúa að daglegu lífi eldri borgara.

Með framsögu verða Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Landsambands eldri borgara, Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri Landsambands lífeyrissjóða og Ingibjörg Sverrisdóttir, frá Gráa hernum.


Boðið verður upp á kaffi og opió verður fyrir fyrirspurnir.

Kári semur við Hauka

Kári Jónsson, uppallinn Haukamaður, hefur skrifað undir samning við körfuknattleiksdeild Hauka og mun hann leika með félaginu í vetur.

Tilkoma Kára er mikill fengur fyrir öflugt lið Hauka en samningur Kára er til eins árs að sögn Braga Magnússonar formanns körfuknattleiksdeilda Hauka.

Kári skrifaði undir sinn atvinnumannasamning í ágúst í fyrra við Barcelona en lék þó aldrei með liðinu en síðar samdi hann við finnska liðið Helsinki Seagulls en samningnum var rift vegna meðsla sem Kári glímur við.



Kári Jónsson.

Auglýsingar

565 4513 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

Gengst í ábyrgð fyrir 990 milljón kr. láni Sorpu

Hafnarfjarðarbær á 13,1% eignarhlut í Sorpu

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum sl. fimmtudag að veita einfalda ábyrgð í samræmi við hlutfall eignarhalds, til tryggingar láns SORPU bs hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 990.000.000 kr. til 15 ára. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Þá skuldbindur Hafnarfjarðarbær sig til að veðsetja tekjur sínar til tryggingar ábyrgðinni í hlutfalli við eignarhlut sinn

í Sorpu. Hafnarfjarðarbær á um 13,1% í Sorpu og ábyrgð bæjarins er því tæpar 130 milljónir kr.

Er lánið tekið til að fjármagna viðbótarkostnað við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Alfsnesi, ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði.

Þá skuldbindur Hafnarfjarðarkaupstaður sig til að breyta ekki ákvæði samþykktu félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að

félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að Hafnarfjarðarkaupstaður selji eignarhlut í SORPU bs til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hafnarfjarðarkaupstaður sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á lánu að sínum hluta.

Bæjarstjórn tekur endanlega afstöðu til málsins á fundi sínum í dag.

Áfram allt að 50 hjúkrunar-rými á gamla Sólvangi

Tímabundin ráðstöfun þar til nýtt hjúkrunarheimili verður opnað í Reykjavík

Fjölskylduráð hefur samþykkt beiðni heilbrigðisráðuneytisins um að framkvæmdum við endurbætur á húsnæði gamla Sólvangs verði seinkað og húsnæðið notað tímabundið til reksturs allt að 50 hjúkrunarými þar sem nýtt hjúkrunarheimili opnar við Sléttuveg í Reykjavík. Hafði komið fram í júlí að ákveðið hafi verið að fela Sóltúni ehf.

að rek tímabundið 38 hjúkrunarými í gamla Sólvangi fram að opnun heimilisins við Sléttuveg.

Nær seinkunin til fyrstu og annarrar hæðar á gamla Sólvangi og mun þessi ráðstöfun ekki hafa áhrif á fyrirhugaðar endurbætur á jarðhæð hússins. Íbúar á gamla Sólvangi hafa verið að flytja yfir í nýbygginguna, langt á eftir áætlun þar

sem byggingarframkvæmdir hafa tafist mjög.

Lengi var óvíst hvað yrði gert við húsnæði gamla Sólvangs en stutt er síðan heilbrigðisráðherra heimilaði Hafnarfjarðarbæ að útbúa þar aðstöðu fyrir 33 íbúa í endurbættu húsnæði sem uppfyllir nútíma kröfur. Ekki kemur fram í afgreiðslu fjölskylduráðs hvenær

**Frítt söluverðmat
sanngjörn söluþóknun
fagljósmyndari**

„Minn metnaður er
heilðarleiki, vönduð vinnubrögð
og persónuleg þjónusta“



Ársæll Steinmóðsson

löggitur fasteignasali
as@domus.is

Sími: 896 6076

domus
FASTEIGNASALA

Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn), Hafnarfirði



áætlað er að opna heimilið við Sléttuveg.

Nýtt sundtímabil hófst með láttum 3. september!

Skráning á heimasíðu
Sundfélags Hafnarfjarðar – www.sh.is

Eitthvað fyrir alla:

- Sundnámskeið með foreldrum; fyrstu sundtökin (2/3-4 ára)
- Sundnámskeið; sundtökin og vatnið kynnt fyrir krökkunum (4-6 ára)
- Sundkennsla; áframhaldandi bæting á tækni og sundi „Stjórn á vatninu“
- Sundæfingar yngri (8-16 ára)
- Sundæfingar eldri (16 ára og eldri)

Æfingastaðir: Sundhöll, Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug



**Skriðsunds-
námskeið
fyrir fullorðna**

RioTinto
styrkir barna- og unglingastarf SH

Endurskráning eldri hópa fer einnig fram á www.sh.is

Sundfélag Hafnarfjarðar • sh@sh.is • www.sh.is • 555 6830

Hrafnistufólk sigraði bæjarstjórnina í púttmóti

Bæjarfulltrúar hafa ekki slegið í gegn á púttvellið



Hrafnistufólk hóf fast í bikarinn sem kynntur var í upphafi leiks.

Árlegt púttmót heimilisfólks og starfsmanna Hrafnistu og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

var haldið sl. föstudag á púttvellið við Hrafnistu. Þrátt fyrir nýja keppnisbúninga

og bjartsýni tókst bæjarstjórninni ekki að skáka yfirveguðu liði Hrafnistu frekar en fyrri daginn.

Sjaldan hefur þó munað eins fáum höggum eða 6 en lið Hrafnistu sigraði með 103 höggum á móti 109 höggum bæjarstjórnar.

Þó keppnisandinn hafi verið til staðar þá er mótið umfram allt til gamans og kátina ríkti meðal keppenda.

Aðeins fjórir bæjarfulltrúar mættu til leiks en styrktu liðið með atvinnumanni, a.m.k. er



hann launamaður hjá Hafnarfjarðarbæ.



Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri hitti best kvenna.



Með yfirvegum sló hún holu í höggi oftar en einu sinni og Kristinn Andersen forseti bæjarstjórnar (mynd t.v.) átti ekki orð.



Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir samkvæmi stærri og smærri hópa.



Happy Hour alla daga kl. 15 - 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði sími 578 0200

Frestur til athugasemda til 23. sept.

Skipulags- og byggingarráð hefur samþykkt að framlengja frest til athugasemda vegna deiliskipulags Hraun vestur - Gjótur. Bréf þess efnis hefur verið sent til hagsmunaaðila. Á heimasíðu Hafnarfjarðar er vakinn athygli hagsmunaaðila og nágretta á þessu og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

Auglýsingartími tillögunnar er framlengdur til 23. september og er tillagan til sýnis hjá umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar að Norðurhelli 2.

Töluverð gagnrýni hefur komið fram um mikil frávik frá samþykktu rammaskipulagi og á mikla fjölgun íbúða frá því sem samþykkt er.

Ratleikur Hafnarfjarðar

Skilafrestur er til 23. september nk.

Skila má lausnaspjöldum í Ráðhúsi Hafnarfjarðar

www.facebook.com/ratleikur



Hefur þú fundið a.m.k. 9 merki?
Þá borgar sig að skila inn!